

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júlí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. júlí 1977.

Nr. 287.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 15. júlí til 31. desember 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 15. júlí til 31. desember 1977:

Loðnumjöl, \$ 7.10 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 490.00 fyrir hverja lest.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1.00 = kr. 194.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júlí 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

29. júlí 1977.

Nr. 288.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VIII.kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Vængjum hf., Reykjavík leyfi til reglubundins áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík—Grundarfjörður—Reykjavík, á tímabilinu frá 29. júlí 1977 til 31. desember 1982.

Leyfið er til flutninga á farþegum, pósti og vörum.

Samgönguráðuneytið, 29. júlí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.